


Hestamannafélagið Sprettur

Æskulýðsskýrsla 2020



Efnisyfirlit

Formaður Spretts	3
Æskulýðsnefnd	3
Fræðsla og uppbygging	4
Knapamerki	4
Pollanámskeið	4
Undirbúningur fyrir sýningar	5
Unga fólkið í keppni	6
Blue Lagoon mótaröðin	6
Vetrarleikar og firmakeppni	6
Æfingamót fyrir gæðingakeppni:	7
Viðburðir fyrir unga Spretta	7
Jólaball	7
Miðnæturreiðtúr	8
Sumarbúðir	11
Reiðmennskubikar til yngri knapa	12
Svansstyttn	12
Instagram	13
Sjoppuvaktin	13
Viðurkenningar fyrir árangur í keppni	14
Keppnisárangur 2019	14
Uppskeruhátíð æskunnar	15
Félagshesthús	15
Lokaorð	15

Formaður Spretts

Eitt það mikilvægasta og jafnframt það skemmtilegasta við starfið í Spretti er að fylgjast með æskunni okkar. Sprettarar eiga mikið að efnilegu ungu fólki sem sinnir hestamennskunni af miklum eldmóð hvort sem er í keppni eða útreiðum. Æskulýðs- og fræðslunefnd okkar sinna þessu með miklum ágætum og boðið er upp á mikið af námskeiðum sem og öðrum viðburðum þannig að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Stjórn Spretts leggur mikla áherslu á að gera sem allra mest og best fyrir æskuna okkar en þar er framtíðin í félaginu okkar. Við erum mjög þakklát fyrir það góða og óeigingjarna starf sem nefndir okkar sinna í þessum málum. Ungu fólkið okkar hefur verið félaginu til mikils sóma með framkomu sinni, reiðmennsku og ástundun.

Einnig ber að þakka foreldrum og öðrum ættingjum fyrir mjög gott samstarf.

Æskulýðsnefnd

Það er ljóst að árið 2020 litast af breytingum og óvæntum vendingum. Í heimavinnu og samkomubanni sóttu fjölskyldur saman í hesthúsið og leituðu að styrk hjá hestunum. Það má því með sannri segja að lífið í Spretti var mikið þennan veturinn þó það væri með óhefðbundnum hætti. Covid19 setti heldur stórt strik í skipulagðar samkomur með æskunni og féllu margir viðburðir niður en við reyndum að keyra mót, nokkra viðburði og námskeið sem voru á dagskrá áður en Covid19 skall á. Þrátt fyrir það var mikið um að foreldrar voru með börnum sínum á útreiðum og allir heilsuðust með brosi og vinki. Þannig má segja að Covid19 hafði þau jákvæðu áhrif að fólk gaf sér tíma með börnum, hestum og náttúrunni í kringum Spret. Við horfum fram á veginn og sjáum tækifæri í breyttum tímum og æskulýðsnefndin er farin að skipuleggja öflugt ár sem tekur mið af allskonar óvæntum sóttvarnarreglum sem geta reynt að setja strik í reikninginn.



Fræðsla og uppbygging

Unnið er að því að halda gagnleg námskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni í Spretti til að koma til móts við þarfir allra. Í vetur var farið af stað með mjög metnaðarfulla fræðsludagskrá enda Landsmóts ár framundan. Við miðuðum að því að vera sveigjanleg þegar Covid19 skall á og spiluðum námskeiðshaldið eftir nýjustu reglum og tilmælum. Meðan heimilt var að halda úti námskeiðum þá gerði Sprettur það en bannaði foreldrum að horfa, gætti að öllum sóttvörnum í húsinu, fjölda knapa í höllinni og tryggði kennurum 2 metra reglu. Því var reynt að halda úti, eins og heimilt var, þeim námskeiðum sem búið var að skipuleggja fyrir Covid19. Ástandið setti þó strik í reikninginn þegar kom að nýjum námskeiðum í flórana eftir að faraldurinn skall á. Hér að neðan eru þau námskeið sem voru í boði fyrir börn, unglinga og ungmenni í Spretti.

Knapamerki

Fyrir áramót (2019) voru knapamerki 1 & 2 kennd, Fríða Hansen reiðkennari sá um kennsluna og var flottur hópur ungra knapa sem tóku verkleg próf fyrir jólin.

Knapamerki 3, 4 og 5 voru kennd eftir áramót (2020), kennari var Árný Oddbjörg Oddsdóttir sá um kennsluna. Kennslan gekk vel, stöku tími datt niður vegna veðurs og eða ófærðar svo kom Covid19. Prófunum seinkaði aðeins vegna þess en allir nemendur tóku glæsileg próf í maí. Um 15 sprettarar tóku knapamerkin.

Pollanámskeið

Þórdís Anna Gylfadóttir reiðkennari sá um pollanámskeið hjá Spretti í vetur, um 20 pollar voru skráðir til leiks og var ávallt mikil gleði í hverjum tíma hjá yngstu knöpunum okkar, ýmsar jafnvægisæfingar voru æfðar og farið í léttu leiki.



Þjálfun og keppni

Sigurður V. Matthíasson og Edda Rún Ragnarsdóttir voru kennarar á þessu námskeiði. Tæplega 40 krakkar (börn, unglingar og ungmenni) voru skráðir á námskeiðið sem hófst um miðjan janúar og var kennt einu sinni í viku þangað til reiðhallir lokuðu. Tveir nemendur voru í hverjum tíma og kom hver og einn á sínum forsendum, hvort sem hann/hún vildi bæta sig og sinn hest til útreiða eða undirbúnings til keppni, mikil ánægja var með námskeiðið enda eru Siggi og Edda þekkt fyrir jákvætt viðmót og eru mjög hvetjandi á allan hátt. Stefnan var að Edda og Siggi myndu fylgja þeim krökkum sem næðu inn á Landsmót að keppnisvellið en eins og allir vita þá varð nú ekki af Landsmóti 2020.

Undirbúningur fyrir sýningar

Á dagskrá voru æfingar fyrir Dymbilvikusýningu Spretts og Æskan og hesturinn en vegna Covid féllu þessar sýningar niður og þar með allar æfingar, undanfarin ár hefur Sprettur átt glæsilega fulltrúa ungu kynslóðarinnar á þessum sýningum og mikill metnaður hefur verið á æfingum fyrir sýningarnar bæði í búningavali og útfærslum á atriðum.



Unga fólkið í keppni

Í Spretti er leitast við að allir sem vilja taka þátt finni flokk við sitt hæfi. Þetta á við um börn, unglinga, ungmenni og jafnframt er boðið upp á æfingaflokk fyrir polla.

Blue Lagoon mótaröðin

Sprettur bauð upp á skemmtilega opna mótaröð fjórða árið í röð fyrir polla, börn, unglinga og ungmenni. Boðið var upp á keppnisgreinarnar tölt, fjórgang og fimmgang. Öllum börnum og ungmennum á landinu stóð til boða að taka þátt og var boðið upp á mismunandi styrkleikaflokka þar sem flestir fundu keppnisgrein við sitt hæfi. Á þessu móti fá pollar, börn undir 10 ára, einnig að taka þátt. Boðið var upp á keppnisgrein fyrir polla í T7 og þrígangi. Gaman er að geta veitt ungum og efnilegum pollum, tækifæri á að spreyta sig á keppnisvellinum. Dómararnir gáfu pollunum jákvæðar umsagnir og allir fengu þátttökuverðlaun. Gott veganesti og æfing fyrir polla sem vilja taka þátt í keppni á komandi árum. Blue Lagoon mótaröðin er einstaklingskeppni og safna knapar stigum. Sá sem er með flest stig í sínum flokki vinnur mótaröðina en einnig er verðlaunað í sæti eftir hvert mót en glæsileg verðlaun voru í boði í öllum greinum.



Því miður setti Covid19 strik í reikninginn og náðum við ekki að klára mótaröðina þetta árið en vonandi finnum við leið fyrir komandi ár.

Vetrarleikar og firmakeppni

Æskan gegnir stóru hlutverki á öllum vetrarleikum Spretts og á firmakeppni félagsins. Mótin hefjast á pollunum okkar þar sem þeim yngstu gefst færi á að hefja sinn feril með glæsilegum sýningum.



Æfingamót fyrir gæðingakeppni:

Haldið var lokað æfingamót fyrir börn, unglinga og ungmenni fyrir gæðingakeppnina sem fram fór í Spretti í júní. Mótið fór þannig fram að knapar komu og riðu gæðingaprógram fyrir framan dómara og hann veitti þeim endurgjöf í formi texta, samtals og talna. Ekki voru riðin úrslit. Aðstandendur voru hvattir til að taka upp sýningu sinna barna. Eftir sýningarnar var haldin pizzaveisla og smá fræðsla frá dómara. Börnin gátu svo sest niður með dómaranum og hann útskýrði fyrir þeim, með uppbyggilegum hætti, hvað hefði mátt gera betur og hvað var gott við hverja sýningu. Þau höfðu svo svigrúm til að vinna með þá þætti sem mátti gera betur með kennurum og gæðingadómurum fyrir gæðingakeppnina. Við vorum svo heppin að Erla Guðný Gylfadóttir og Oddrún Ýr Sigurðardóttir komu og tóku æfingar á vellinum með börnunum. Markmiðið með mótinu er að veita ungum Spretturem tækifæri til að æfa sig og fá uppbyggilega leiðsögn fyrir gæðingakeppni.

Viðburðir fyrir unga Sprettera

Jólaball

Sameiginlegt jólaball hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu var haldið í Arnarfelli sal Spretts og voru allir sammála um að vel hefði tekist til. Dansað var í kringum jólatréð, boðið upp á veitingar og svo mættu jólasveinar með gott í poka og dönsuðu með börnunum í kringum jólatréð.

Æskulýðsnefndir félaganna voru sammála um að halda áfram að bjóða upp á sameiginlega jólaböll í Spretti.

Miðnæturreiðtúr

Haldinn var miðnæturreiðtúr fyrir krakkana í Spretti í lok maí eða eftir að létt var aðeins á samkomutakmörkunum. Ferðin var óvissuferð og var góð mæting. Fararstjórinn var Þórdís Anna Gylfadóttir, en einnig fylgdu þrír foreldrar með til að aðstoða. Ferðinni var heitið upp í Heiðmörk og í áningu mætti Sverrir formaður með hressingu fyrir knapa. Yndislegt verður og glaður hópur sem hafði gaman að samverustundum eftir langt samkomubann.







Fararstjórinn og fulltrúar
æskulýðsnefndarinnar

Sumarbúðir

Boðið var upp á hestasumarbúðir á Leirubakka, þriggja daga námskeið fyrir krakkana í Spretti og fylltist námskeiðið af áhugasömum krökkum úr Spretti. Á námskeiðinu var farið í skemmtilega leiki tengt hestunum, farið í ævintýra reiðtúra og haldnar skemmtilegar kvöldvökur. Æskulýðsnefndin sá um koma börnunum á námskeiðið með rútu sem keyrði hópinn austur fyrir fjall. Námskeiðið var skemmtilegt, frábært tækifæri fyrir krakkana til að kynnast betur og fullt af ævintýrum fyrir knapa og hesta.



Reiðmennskubikar til yngri knapa

Ár hvert eru veitt verðlaun í minningu Jónínu í Topphestum en þau verðlaun eru veitt knapa í yngri flokkum sem mætir til keppni á vel hirtum hesti og sýnir góða reiðmennsku. Þessi verðlaun voru veitt í þriðja skipti í ár. Verðlaunin eru mikill hvatning fyrir börnin að leggja sig fram við að læra betri reiðmennsku og að vera til fyrirmyndar.



Svansstyttn

Svansstyttn er gefin til heiðurs Svani Halldórssyni, stofnfélaga Gusts og síðar Spretts. Svanur hefur ávallt lagt mikið upp úr því að vera þróðbúinn, snyrtilegur og á vel hirtum hesti. Svansstyttn er veitt Sprettsfélaga sem klæðist félagsbúningi Spretts á mótum og þykir ávallt vera til fyrirmyndar hvað varðar þróðmannlega reiðmennsku, klæðaburð og hirðingu hests, utan vallar sem innan.

Formaður Spretts, formaður mótanefndar og yfirdómari skulu velja stytthafann. Svansstyttn er farandgripur, er varðveitt í félagsheimili Spretts og er afhent keppanda á Gæðingamóti félagsins ár hvert.

Instagram

Stofnaður var Instagram reikningur sem kallast “Ungir Sprettarar” sem æskulýðsnefndin ætlar að nýta sér sem vettvang fyrir krakkana til að segja frá því sem er í gangi í félaginu. Hugmyndin er að krakkarnir í félaginu taka að sér að sjá um Instagrammið og skipta því á milli sín yfir veturinn.



Sjoppuvaktin

Ungir Sprettarar tóku að sér að standa vaktina í sjoppunni á mótum félagsins. Mikil eftirspurn var eftir því að vinna í sjoppunni og ganga á milli áhorfenda og selja þeim hressingu og kaffi. Skipta var niður á vaktir og var þetta fjáröflun fyrir félagið okkar.



Viðurkenningar fyrir árangur í keppni

Laugardaginn 6. júní voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í keppni árið 2019. Einnig eru alltaf veitt Hvatningaverðlaun, þau verðlaun eru veitt þeim börnum/unglingum sem hafa sýnt mikinn áhuga á námskeiðum og þeim viðburðum sem Sprettur býður upp á.

Keppnisárangur 2019

Barnaflokkur

Ragnar Bjarki Sveinbjörnsson

Elva Rún Jónsdóttir, Íslandsmeistari T3

Guðný Dís Jónsdóttir

Unglingaflokkur:

Hulda María Sveinbjörnsdóttir

Kristófer Darri Sigurðsson, Íslandsmeistari slaktaumatölti

Ungmennaflokkur:

Bríet Guðmundsdóttir

Hafþór Hreiðar Birgisson

Hvatningaverðlaun 2019

Barnaflokkur: Matthildur Lóa Baldursdóttir og Óliver Gísli Þorrason

Unglingaflokkur : Birna Diljá Björnsdóttir og Marín Imma Richards

Uppskeruhátíð æskunnar

Uppskeruhátíð æskunnar verður haldin í október 2020 vonandi í veislusal Spretts. Skipulagið er í fullum gangi og við vonumst við til þess að Covid19 setji ekki strík í þennan skemmtilega viðburð með krökkunum í félaginu.

Félagshesthús

Hmf Sprettur hefur hesthús til umráða frá Kópavogsbæ, það er staðsett að Heimsenda 1. Sí vetur fengum við Hrafnhildi Blöndahl til að vera umsjónarmaður hússins, Hrafnhildur er búin með tvö ár frá háskólanum að Hólum og er von að halda hesta á húsi. Fjórar stelpur leigðu pláss í húsinu og reyndist Hrafnhildur þeim frábærlega, leiðbeindi þeim með umhirðu á hestunum og umgengni í hesthúsinu. Mikilvægt er að bjóða upp á Félagshús fyrir þau börn/unglinga sem ekki koma úr hestafjölskyldum og hafa því ekki sama möguleika og krakkar sem alast upp í hestum til að halda hest á húsi. Stjórn Spretts stefnir á að bæta við fleiri plássum svo fljótt sem unnt er. Mikilvægt skref í nýliðun í þessu frábæra sporti.

Lokaorð

Það er ljóst að það öfluga æskulýðsstarf sem Sprettur hefur staðið fyrir til fjölda ára er að skila sér og þó Covid19 hafi sett strík í þetta ár byggjum við á það öflugum grunni að við megum vel við því að hægja á okkur til skemmri tíma. Árangur barna unginga og ungmenna frá Spretti leynir sér ekki á keppnisbrautinni þetta árið.... og við erum enn að bæta í. Við erum að sjá mikinn uppgang í reiðskólum á svæðinu sem skilar sér í nýliðun í hverfinu. Mikil ásókn er í Félagshesthúsið og sjáum við fram á að færri komast að en vilja veturinn 2021.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Spretts: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir